


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	Uppeldisfræði 203 (UPP203) Kennsluáætlun vorönn 2015	

Kennari	Valgerður Dögg Jónsdóttir	Sk.st.	VAL
----------------	---------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Nemendur kynna sér áhrifaþætti í uppeldi barna, s.s. listir, barnaheimspeki, hreyfingu, fjölmiðla, tölvunotkun o.fl. Einnig áhrif ólíkra þroskahamlanna, áfalla og kvíðavaldra t.d. langvarandi veikindi, sorgarferli, vanrækslu og ofbeldi. Einnig athuga nemendur lagalegan rétt barna, bæði á Íslandi og annarstaðar, hverjum beri að gæta réttinda þeirra og þær stofnanir sem koma að uppeldi þeirra.

Nemendur kynna sér markmið uppeldis á Íslandi og skipulagðar leiðir sem farnar eru að þessum markmiðum. Skoðuð eru markmið leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eins og þau koma fram í opinberum gögnum. Nemendur skoða hugmyndafræði, markmiðssetningu og skipulag valinna uppeldis- og/eða menntunarstofnana. Nemendur kanna merkingu hugtaka á borð við greind, skap, lund, óþekkt, agi, hlýðni, forvarnir, klámvæðing, jafnrétti, sjálfstæði, áföll, sorg, geðrænin sjúkdómar o.fl.

Áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda og samvinnu við skipulagningu og upplýsingaleit. Nemendum er ætlað að kynna niðurstöður sínar hver fyrir öðrum. Námsfnið er sveigjanlegt og því geta nemendur haft ráðrúm til að leggja áherslu á þá þætti sem þeir telja áhugaverðasta hverju sinni.

Markmið:


- Að nemendur kynni sér ákveðna áhrifaþætti í uppeldi, bæði jákvæða og neikvæða.
- Að nemendur kynni sér stofnanir sem hafa eftirlit og umsjón með uppeldi barna á Íslandi og annarstaðar í heiminum.
- Að nemendur öðlist innsýn í starfsemi helstu uppeldisstofnana í samfélaginu.
- Að nemendur öðlist þekkingu á réttindum barna og unglunga skv. lögum og sáttmálum sem Ísland á aðild að.
- Að nemendur þjálfist í verkefnavinnu, bæði sem einstaklingur og sem hluti af hóp.

Námsgögn:

Greinar, netsíður og önnur gögn sem kennari bendir nemendum sínum á eða afhendir í tíma.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
2	Kynning á áfanga.	
3	Vangaveltur um námsþætti + nauðsynleg hugtök uppeldisfræðinnar.	Upphaf hugleiðingabókar (30%) Lokaskil: Mánudaginn 6. apríl.
5 – 6	Jákvæðir áhrifaþættir á uppeldi barna og unglunga: listir, bækur, heimspeki, fjölmiðlar, tölvan, íþróttir, mataræði, agi o.fl.	Verkefni 5% Skil: Mánudaginn 9. febrúar. Utanaðkomandi fyrirlestur.
7 – 9	Forvarnir – skýrsla, veggspjald (á tölvutæku formi) og kynning.	Heildarverkefni 15% Skil: Mánudaginn 23. febrúar. Utanaðkomandi fyrirlestur.
10	Neikvæðir þættir í uppeldi barna: geðræn vandamál, ofbeldi, vanræksla, sorgarferli o. fl.	Verkefni 5% Skil: mánudagur 9. mars. Utanaðkomandi fyrirlestur.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ	Uppeldisfræði 203 (UPP203)	
Síða 2 af 3	Kennsluáætlun vorönn 2015	

11	Úrræði samfélagsins fyrir börn sem eiga við ýmis alvarleg vandamál að glíma s.s. geðraskanir, hegðunarvanda.	Verkefni 5% Rannsóknir á hinum ýmsu stofnunum sem veita börnum og unglingum aðstoð og umræður. Skil: Mánudaginn 16. mars.
12	Geðraskanir barna og unglinga – Heilsueflandi framhaldsskóli: Geðrækt og lífstíll.	Verkefni 10% Skil: Mánudaginn 23. mars. Upplýsingaöflun og umræður. Utanaðkomandi fyrirlestur.
13	Hvað sem er... val nemenda... Könnun úr völdu efni.	Könnun 10% - Föstudaginn 27. mars.
14.	<i>Páskafri</i>	
15	Undirbúningur lokaverkefnis og þankahrið.	Hugleiðingabók Lokaskil 6. apríl.
16	Skipulagðar leiðir samfélagsins í uppeldi. Menntastofnanir: dagmæður, leiks-, grunn-, framhalds- og háskólar og aðrar slíkar stofnanir. Heimsókn frá leikskóla.	Athugun á námskrám skólastiganna. Umræður um styttingu framhaldsskólanna og aldurstakmörk í þá.
17 - 18	Vinna og kynning á lokaverkefni.	Lokaverkefni 20% Lokaskil: mánudaginn 27. apríl.

Með fyrirvara um breytingar.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Hugleiðingabók.	Hugleiðingar um hin ýmsu málefni sem tengjast uppeldisumræðu.	30%
Könnun.	Hér taka nemendur könnun úr fyrirfram ákveðnum þáttum.	10%
Forvarnarverkefni.	Skýrsla um einhvers konar forvarnar, veggspjald og umræða.	15%
Verkefni um áhrifaþætti í uppeldi.	2 verkefni, annars vegar um góða áhrifaþætti í uppeldi og hins vegar um þá slæmu þætti sem geta haft áhrif á uppeldi barna.	Hvort um sig 5%
Verkefni um geðraskanir.	Verkefni um áhrif geðraskana, hvort sem er um að ræða foreldri/forráðamann eða barn) á umhverfi þeirra. Unnið í tengslum við verkefnið: Heilsueflandi framhaldsskóli.	10%
Verkefni um úrræði fyrir börn í vanda.	Verkefni um þau úrræði sem samfélagið býður börnum og unglingum upp á sem eiga í vanda t.d. hvaða stofnanir fást við málefni af þessum toga.	
Lokaverkefni	Nemendur fá frjálssar hendur.	20%
Frammistaða á önn	Ástundun og virkni.	5%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Uppeldisfræði 203 (UPP203) Kennsluáætlun vorönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Verkefnaskil:

- Verkefni skal vinna af vandvirkni og skila á tilsettum tíma, sjá skilareglur í meðfylgjandi skjali.
- Nemendur verða að skila öllum verkefnum inn á moodle (undantekningar með lokaverkefni).
- Nemendur þurfa að skila öllum verkefnum áfangans til að geta lokið honum. Ef um er að ræða réttmæta fjarvist finna kennari og nemandi úrlausn í þeim tilfellum.

Tækjanotkun:

- *Fartölvur og símar aðeins leyfð sem námstæki.*

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils